

Leiðbeiningar fyrir starfsmenn á veiðiþrófum Retrieverdeildar.

- Hlusta vel á leiðbeiningar og spyrja frekar en ganga út frá einhverju, eins ef eitthvað óöryggi er þá endilega spyrja prófstjóra eða dómara.
- **Leggja út bráð í frjálstri leit:**
 - Leggja á minnið hvar fuglar eru lagðir út og hafa viðmið.
 - Leggja fugla út á sömu stöðum og eins fugla
 - Leggja ekki niður fugla á milli.
 - Fylgjast með frjálstri leit til að vita hvaða fuglar eru eftir ef allir koma ekki inn.
 - Ef þarf að skipta út fuglum þá hafa eins fugla.
 - Fara eftir leiðbeiningum við verkið.
- **Leggja út fugl fyrir stýrivinnu.**
 - Leggja þá alltaf eins út og eins fugla.
 - Fara eftir leiðbeiningum og varast að ganga beint frá pósti hunds að staðnum þar sem fugl er lagður út.
- **Kasta í markeringu:**
 - Fá góðar upplýsingar hjá prófstjóra og dómara á hvaða svæði þeir vilja að fuglar lendi.
 - Leggja sig fram um að kasta fuglum eins fyrir alla.
 - Hafa eins fugla í köstum fyrir alla hunda ef hægt er.
 - Skipta sér aldrei af hundum í vinnu og á engan hátt láta þá vera vara við sig.
 - Standa kjur, ekki setjast eða hreyfa sig snögg, ekki vera í augnsambandi við hund.
 - Ekki leggja niður fugla.
 - Ekki færa sig nema það hafi komið fram í leiðbeiningum.
 - Ef um tvöfalda markeringu er að ræða kasta þá þegar skipun kemur áháð stöðu hunds. Ekki fylgjast með hundi heldur skipun um að kasta eða framfylgja tímamörkum á seinna kasti ef það er samkvæmt leiðbeiningum.
 - Í BFL kemur skot fyrst og svo kastað, í OFL og ÚFL gefur skytta eða dómari bendingum um að kasta og svo kemur skot á kastið.

- **Skytta:**

- Ganga alltaf um byssu eins og hún sé hlaðin og fullvirk byssa, beina ekki að neinum og hafa í huga reglur um umgengni við skotvopn.
- Hafa með nóg af nýjum proppum.
- Skjóta úr byssu áður en próf hefst, til að vera viss um að hún virki.
- Hafa nýja proppa í einum vasa og notaða í öðrum, alls ekki láta notaða proppa á jörðina.
- Fara eftir leiðbeiningum um staðsetningu og spyrja frekar en vera óviss.
- Bíða eftir bendingum dómara áður en er skotið nema annað sé uppgengið í leiðbeiningum.
- Í BFL kemur skot fyrst og svo kastað, í OFL og ÚFL gefur skytta eða dómari bendingum um að kasta og svo kemur skot á kastið.

- **Almennt:**

- Ekki vera í neinum samskiptum við stjórnanda hunds né hund sem eru í prófi.
- Ekki vera á spjalli við dómara nema um það sem snýr að verkefninu.
- Ekki hafa neina skoðun við dómara á því sem er að gerast á prófstað, nema það snerti beinlínis framgang prófsins.
- Láta fara eins lítið fyrir sér og frekast er unnt til að hafa ekki áhrif á framgang prófs.

Allir starfsmenn ásamt prófstjóra standa síðan saman að því að fara yfir prófsvæði og sjá til þess að það sé í sama ásigkomulagi og það var fyrir.